

## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **19-113F029**

Dags: **20. júlí 2019**

Staður: **Við Rif á Snæfellsnesi**

Lýsing: **Hreyfill missti afl**

Flugmaður var að fljúga fisi TF-171 (Kitfox III) skammt frá flugvellinum á Rifi á Snæfellsnesi, en hann hafði tekið á loft þaðan um 5 mínútum fyrr.



Skammt frá veginum að Rifi, nálægt höfninni, missti hreyfillinn afl og stöðvaðist.

Flugmaðurinn hugðist fyrst lenda á veginum að Rifi, en vegna umferðar á veginum ákvað hann að lenda í fjörunni í staðinn. Flugvélin missti hæð nokkuð hratt eftir að afl fór af hreyflinum og náði flugmaðurinn ekki í fjöruna. Hægra aðal hjól físsins rakst í sandbakka með þeim afleiðingum að fisið skall til jarðar og hafnaði á hvolfi.



Við rannsóknina kom í ljós að nægt eldsneyti var á fisinu sem og þjappa á hreyflinum. Ekkert eldsneyti fannst hins vegar í blöndungum físsins, né í eldsneytisleiðslum er lágu að þeim.

Við skoðun á eldsneytiskerfinu kom í ljós að eldsneyti gekk að lítilli eldsneytisdælu í fisinu, en ekki frá henni.

Frekari skoðun leiddi í ljós að eldsneyti fannst í öðru hólfi eldsneytisdælnnar en ekki í hinu.

Var eldsneytisdælan tekin í sundur og reyndust ventlar hennar stífir. Eftir að hafa liðkað ventlana til og sett eldsneytisdæluna aftur saman, var flugvélin sett í gang og gekk hún þá snuðrulaust.

RNSA lokaði málinu með bókun á nefndarfundi þann 31. október 2019.

